



Fréttabréf Naustaskóla

3. tölublað, 10. árgangur, 4.apríl 2017 Abyrgðarmaður: Bryndís Björnsdóttir

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Skóladagatal 2017-18

Nú er skóladagatal næsta árs að byrja að taka á sig mynd. Ljóst er að skóli verður settur þann 22. ágúst og vetrarfrí verða væntanlega 27– 30. október og 14. -16. febrúar. Gott að vita fyrir þá sem vilja skipuleggja sig lengra fram í tímann...

Innritun fyrir næsta ár

Þeir sem enn eiga eftir að innrita börn í 1. bekk fyrir næsta vetur, eða hyggja á skólaskipti fyrir börn sín þurfa að drífa í skráningum. Það er afar mikilvægt fyrir skóla bæjarins við skipulagningu næsta skólaárs að nemendatölur séu eins áreiðanlegar og framast er kostur. Skrá skal á heimasíðu skóladeildar www.skoladeild.akureyri.is

Föstudagurinn 7.apríl

er uppbrotsdagur en þá líkur skóla kl. 12. Þessi dagur verður líka árs-hátíðardagur með skipulagðri skemmtidagskrá fyrir nemendur. Mælt er til þess að nemendur mæti í sparifötunum. Í hádeginu verður boðið upp á hátíðarmat og að því loknu halda nemendur í páskafrí. Kennsla að loknu páskafrí hefst þriðjudaginn 18. apríl.

Frístund er opin eins og venjulega fyrir þau börn sem eru skráð.



Kæra skólasamfélag


Marsmánuður hefur verið nokkuð viðburðarrikur hjá okkur í Naustaskóla. Við tókum þátt í stóru upplestrarkeppninni, áttum öflugt lið í skólahreystikeppninni og erum afskaplega stolt af gengi okkar nemenda sem voru skólanum sínum til sóma. Þessa dagana erum við á kafi í árshátíðarundirbúning. Snið hátíðarinnar verður svipað og undanfarið, stefnt er að því að allir nemendur séu virkir þátttakendur, um verður að ræða fjórar sýningar og kaffisölu eftir hverja sýningu.

Skólastarfið hefur gengið vel, við höfum fengið til liðs við okkur nýtt starfsfólk sem fellur vel inn í starfsmannahópinn og niðurstöður skólalóðsins nú í febrúar sýna að nemendum líður vel í Naustaskóla. Framkvæmdir við skólalóðina munu hefjast í júní. En ákveðið hefur verið að klára áfanga 1 og 2, sem eru svæði sunnan við skólann. Við erum svo að byrja að huga að skipulagi næsta vetrar, skóladagatalið er að verða tilbúið og við erum að huga að niðurröðun í teymi, starfsmannaráðningum og frekara skipulagi fyrir haustið.

Bestu kveðjur úr skólanum, og gleðilega páska!
Bryndís Björnsdóttir



Árshátíð		
Skipulag árshátíðar Naustaskóla		
9.00-10:00	1. b	
	2 -3 b	Hópur A
	4.-5 b	Hópur A
	6-7. b	Hópur A
	10.b	
12:00-13:00	1. b	
	2 -3 b B	Hópur B
	4.-5 b B	Hópur B
	6-7. b B	Hópur B
	9.b	
15:00-16:00	1.	
	2 -3 b C	Hópur C
	4.-5 bC	Hópur C
	6-7. b C	Hópur C
	8.b	
18:00-19:00	1.b	
	2 -3 b -	Hópur D
	4.-5 b	Hópur D
	6. -7. b	Hópur D
	10. b	



Kaffisala 10:00 til 11:30

Kaffisala 13:00 - 14.30

Kaffisala 16:00-17:30

Kaffisala 19:00-20:30



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Apríl 2017

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
2.	3. Ófnsteiktur fiskur, kúskús, gúrkudressing og rifnar gulrætur Ávextir	4. Kjötbullur í súrsætri sósu, spaggetti og salat Ávextir Blár dagur Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	5. Ófnbakaður fiskur í karrýostasósu, salatbar og hrísgrjón Ávextir	6. Skinkupasta og paprika Ávextir Árshátíð Naustaskóla	7. Grísasteik, kartöflur, steikt grænmeti og sveppasósa Ávextir Snakk og biódagur Skóla lýkur kl. 12:00	8.
9.	10. Fiskur í bbqsósu, kartöflur, og salat Ávextir Páskafri Frístund opin	11. Slátur, kartöflur, rófur og jafningur Ávextir Páskafri Frístund opin	12. Fiskibollur, hrísgrjón, paprika og heit tómatsósa Ávextir Páskafri Frístund opin	13. Skírdagur Lokað	14. Föstudagurinn langi Lokað	15.
16.	17. Annar í páskum Lokað	18. Fiskipottréttur hrísgrjón og salatbar Ávextir Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	19. Svikinn héri, kartöflur gúrka og lauksósa Ávextir	20. Sumardagurinn fyrsti Lokað	21. Starfsdagur Frístund opin	22.
23.	24. Fiskbúðingur, kartöflur, salat og ostasósa Ávextir	25. Kjúklingasúpa og salatbar Ávextir Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	26. Spínatbuff, hrísgrjón, gúrka og kryddressing Ávextir	27. Plökkfiskur, rúgbrauð og salatbar Ávextir	28. Nautagóllas, hrísgrjón og salat Ávextir	29.



Við minnum á að föstudaginn 21. apríl er starfsdagur í Naustaskóla. Þann dag er frístund opin allan daginn.